

Reykjavík, 17. maí 2019

Brot fjárfestingarsjóða í rekstri Landsbréfa hf. gegn 1. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011

Fjármálaeftirlitinu barst tilkynning frá Landsbréfum hf. þann 26. október 2018 þess efnis að tveir fjárfestingarsjóðir í rekstri félagsins hefðu farið út fyrir fjárfestingarheimildir 1. mgr. 59. gr., sbr. 3. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði þann 25. október 2018. Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum er fjárfestingarsjóðum óheimilt að eignast meira en 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Brotin urðu vegna mistaka þar sem um var að ræða fjárfestingu í nýjum sjóði sem gert var ráð fyrir að myndi stækka mun meira í upphafi en raunin varð.

Landsbréf hf. gerði þegar ráðstafanir til úrbóta og voru sjóðirnir því innan heimilda samkvæmt lögum nr. 128/2011 degi eftir að brotið átti sér stað. Jafnframt kvaðst Landsbréf hf. hafa yfirfarið og breytt verkferlum til að draga úr hættunni á sambærilegum brotum í framtíðinni.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að umræddir sjóðir hefðu gerst brotlegir við 1. mgr. 59. gr., sbr. 3. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011 með því hafa fjárfest í sama verðbréfasjóði umfram 25% af eignum sínum.

Með hliðsjón af atvikum málsins taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að beita Landsbréf hf. viðurlögum vegna málsins.